

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (tíðavörur og getnaðarvarnir).

Flm.: Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Anna Kolbrún Árnadóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Birgir Þórarinnsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Halldóra Mogensen, Helga Vala Helgadóttir,
Helgi Hrafn Gunnarsson, Jón Þór Ólafsson, Olga Margrét Cilia, Smári McCarthy.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 14. gr. laganna:

- a. 11. tölul. orðast svo: Getnaðarvarnir, tollskrárnúmer 3006.6000 og 2937.2300.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Tíðavörur, tollskrárnúmer 9619.0012 og 9619.0090.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 146. löggjafarþingi (332. mál) og 148. löggjafarþingi (438. mál) en hlaut ekki afgreiðslu og er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einnota og margnota tíðavörur þar með talin dömubindi, tíðatappar og álfabikarar, ásamt öllum tegundum getnaðarvarna, falli í lægra þrep virðisaukaskatts.

Markmið frumvarpsins er stuðla að bættri lýðheilsu með því að draga úr kostnaði vegna nauðsynlegra hreinlætisvara, ásamt því að jafna aðstöðumun notanda mismunandi forma getnaðarvarna.

Með þessum leiðréttingum færast Ísland nær þeirri þróun sem hefur orðið í öðrum ríkjum með tilliti til aðgengis að nauðsynlegum hreinlætisvörum og getnaðarvörnum á undanförunum árum.

Enginn kostnaður er áætlaður vegna þessara breytinga, en áætlað tekjutap vegna virðisaukaskatts er um 37,9 millj. kr. á ári vegna b-liðar 1. gr. og um 4,09 millj. kr. á ári vegna a-liðar 1. gr. frumvarpsins.

Á móti skilar bætt lýðheilsa sparnaði í heilbrigðiskerfinu.

Róbert Marshall og fleiri lögðu fram frumvarp á 145. þingi (405. mál) sem sneri að atriðum b-liðar 1. gr.